

Alþingi
Erindi nr. P 130/1086
komudagur 24.2.2004

Reykjavík 23.02.2004

Til: Nefndarsviðs Alþingis, Umhverfisnefnd, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík
Varðar: umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008,
477. mál.

Stjórn Líffræðifélags Íslands þakkar fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004-2008. Stjórnin hefur tekið tillöguna til umfjöllunar og gerir ekki efnislegar athugasemdir við inntak hennar.

Náttúruverndaráætlun 2004-2008 er metnaðarfullt plagg, unnið af vandvirkni og fagmennsku. Áætlunin er mikilvæg sem hin fyrsta sinnar tegundar, þar sem faglegt mat og trygging lágmarksverndar líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni er lögð til grundvallar.

Tillögur um verndarsvæði eru byggðar á margvíslegum sjónarmiðum, ná yfir víðfeðm landssvæði og vonandi að þær komist allar til framkvæmda. Þó vill stjórn Líffræðifélags Íslands lýsa yfir þeirri von sinni að Vatnajökulspjóðgarður muni ekki nema í skamman tíma takmarkast við jökulhettuna.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Líffræðifélags Íslands,



Ólöf Ýr Atladóttir, formaður